



313. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 27. nóvember 2014 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru:

Hafdís Bjarnadóttir forseti bæjarstjórnar, HB
Katrín Gísladóttir, KG
Lárus Á. Hannesson, LÁH
Ragnar Már Ragnarsson, RMR
Helga Guðmundsdóttir, HG
Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri SB
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, HH varamaður Sigurðar Páls
Hrefna Gissuradóttir, fundarritari

Forseti bæjarstjórnar, Hafdís Bjarnadóttir, setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Fundagerðir bæjarráðs.

- 1.1. **Fundargerð bæjarráðs nr. 519, dags. 20.nóvember 2014.**
Fundargerð framlögð.

Liður 1 fundargerð skipulags- og bygginganefnd - 178, dags. 10. nóv. 2014.

Fundargerð framlögð

1.1. **1411021 - Bókhlöðustígur 3**

Daníel Bergman sækir um fyrir hönd Natura Travel um breytingu á gluggum og samþykki fyrir innra skipulagi, samkvæmt uppdráttum frá Onyx ehf. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

1.2. **1410028 - Aðalgata 3a - lóðarblað**

Nýtt lóðarblað fyrir Aðalgötu 3a - gömlu kirkjuna. Umsögn sóknarnefndar fylgir með dags.22.okt.2014. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir lóðarblaðið.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



1.3. 1404005 - Nýrækt - Deiliskipulag

"Lýsing" vegna deiliskipulags á Nýræktarsvæði.
Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að "Lýsingin" verð
auglýst og kynnt samkvæmt 40.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarstjórn samþykkir að "Lýsing" vegna deiliskipulag á
Nýræktarsvæði verði auglýst og kynnt samkvæmt 40.gr.
skipulagslaga nr. 123/2010.

1.4. 1410025 - Víkurgata - fyrirspurn

Fyrirspurn vegna Víkurgötu, endurhönnun á aðkomu, samkvæmt
tölvupósti dags. 21.10.2014.
Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að aðkoma að Víkurgötu
verði endurhönnuð þegar búið er að ganga frá nýju lóðarblaði
fyrir Aðalgötu 7a.

Tillaga nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.
Til máls tóku: LÁH og SB

1.5. 1411007 - Silfurgata 45 - smáhýsi

Arnar Hreiðarsson kt.170166-3539 sækir um leyfir fyrir smáhýsi
samkv. uppdrætti. Undirritað samþykki nágranna fylgir með.
Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt

Liður 22 bréf varðandi farandsýning kvenréttindabaráttan í 100 ár tölvupóstur dags.30.10.2014

Samþykkt að vísa erindinu til safna- og menningarmálanefndar, sem leiti
samráð við félagasamtök í bænum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 24 bréf varðandi kostnað íbúða í Ögri við lagningu ljósleiðara dags. 28.10.2014

Bæjarstjóra falið að að ganga til viðræðna við ábúendur á Ögri varðandi
styrkbeiðni. Vísað til fjárhagsáætlunarvinnu fyrir 2015.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Til Máls tóku: LÁH, HB og SB



Liður 25 bréf varðandi styrkbeiðni frá áhugahóp um velferð ungs fólks á Snæfellsnesi. dags. 16.10.2014

Samþykkt að veita styrk að upphæð kr. 150.000 til verkefnisins. Hvatt til að þetta verkefni verði vistað undir Svæðisgarði Snæfellsness.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.
Til máls tók HG**

Liður 26 bréf varðandi beiðni slökkviliðsstjóra um leyfi til að fjölga mönnum í slökkvilið Stykkishólms dags.11.11.2014

Samþykkt að verða við erindi slökkviliðsstjóra að hafa möguleika að fjölga meðlimum slökkviliðsins úr 20 í 25.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Til máls
tóku :
LÁH,HB,
KG og
HG**

Liður 27 minnisblað um breytingar á samþykkt um gatnagerðargjald í Stykkishólmi dags.13.11.2014

Samþykkt að vísa breytingum á gatnagerðagjöldum til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Samþykkt að vísa breytingum á gatnagerðagjöldum til frekari vinnslu á næsta bæjarráðsfundi.

Til máls tóku: SB, LÁH og HB

Liður 28 minnisblað til bæjarráðs um fjárhagslega og rekstrarlega endurskipulagningu dags.13.11.2014

Bæjarstjóri gerði grein fyrir tillögum ráðgjafa SSV og R3-Ráðgjöf um fjárhagslega og rekstrarlega endurskipulagningu.

1. Greinargerð Ólafs Sveinssonar og Vífils Karlssonar hjá SSV. Úttekt á rekstri og tillögur til úrbóta.
2. Tillögur R3-RÁÐGJÖF ehf. um breytta skipan við rekstur safna.
3. Tillögur R3-RÁÐGJÖF ehf. um skipulag á skrifstofu bæjarins.
4. Tillögur R3-RÁÐGJÖF ehf. um aðra þætti í rekstri.

Samþykkt að vísa tillögnum til frekari vinnslu á næsta bæjarráðsfundi.

Til máls tóku: SB, HG,LÁH og RMR

Liður 29 bréf Þórnýjar Öldu Baldursdóttur varðandi sölu á hluta lóðarinnar Aðalgötu 7a,Stykkishólmi. ódags.2014



Samþykkt að vísa erindinu varðandi heimild til að byggja á lóðunum til umsagnar í skipulags- og bygginganefnd. Bæjarstjóra falið að hefja viðræður við eigendur að Aðalgötu 7 í Stykkishólmi um frágang málsins.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

RMR vék af fundi vegna tengsla

Til máls tóku: SB, LÁH, KG og HB

Liður 30 samstarfssamningur vegna upplýsingamiðstöðvar og kynningarmála dags.22.10.2014

Samningur framlagður og samþykktur.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 32 starfsmannamál, bæjarstjóri gerir grein fyrir ráðningu bókhalds-og launafulltrúa dags. 17.11.2014

Bæjarstjóri gerði grein fyrir ráðningaferlinu á bókhalds- og launafulltrúa. Bæjarstjóri hefur ákveðið að ráða Ríkharð Hrafnkelsson sem bókhalds-og launafulltrúa.

Til máls tóku: SB, RMR og LÁH

Liður 33 Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir 2015-2018.

Fjárfestingar og gjaldskrár fyrir árið 2015 framlagðar og vísað til frekari vinnslu í bæjarstjórn.

Til máls tóku: SB, RMR, HG, LÁH, HB, HH og KG

Samþykkt að vísa vinnu við fjárfestingar og gjaldskrár til frekari vinnslu í bæjarráði.

Til máls tók: SB og LÁH

Bókun: Undirrituð fagna því að í 9 mánaða uppgjöri ársins 2014 kemur fram að fyrstu 6 mánuði og einnig fyrstu 9 mánuði ársins er niðurstaðan enn jákvæðari en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Lárus Ástmar Hannesson

Ragnar Már Ragnarsson

Helga Guðmundsdóttir

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1 Fundargerð - Skipulags- og bygginganefndar nr. 178 dags. 10.11.14.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.2 Fundargerð Jafnréttisnefndar nr.13 dags.08.10.2014.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.3 Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis nr.86. dags.03.11.2014.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.4 Fundargerð Ungmennaráðs nr. 3 haldinn 3.11.2014.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tóku: HB og HG



2.5 Fundargerð nefndar um málefni fatlaðra nr. 17 dags.03.11.2014. Fundargerð framlögð og samþykkt.

3. Annað

3.1 Lántaka.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 24.000.000 kr. til 20 ára, í samræmi við samþykkt skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til endurfjármögnunar afborgana lána hjá Lánasjóði sveitarfélaga, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Sturlu Böðvarssyni kt. 231145-3039, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til máls tóku: SB og LÁH

Fundargerðin upplestin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 19:00
Hrefna Gissurardóttir